



Sjúkratryggingar
Íslands

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. janúar 2015

Efni: Athugasemdir Sjúkratrygginga Íslands við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (markmið, stjórnþýsla og almenn ákvæði), þskj. 393, 322. mál.

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar.

SÍ sjá um framkvæmd slysatrygginga almannatrygginga samkvæmt IV. kafla núgildandi laga um almannatryggingar. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga (þskj. 578 – 402. mál) þar sem ætlunin er að færa IV. kafla núgildandi laga um almannatryggingar í sérlög án þess að nokkrar efnisbreytingar séu gerðar.

SÍ hafa lagt fram ítarlegar athugasemdir til velferðarnefndar við frumvarp um slysatryggingar almannatrygginga. Frumvörpin tvö boða þær breytingar að ákvæði um samspil bóta lífeyristrygginga almannatrygginga og slysatrygginga almannatrygginga breytist umtalsvert, þrátt fyrir að fram komi í skýringum við frumvarp til laga um slysatryggingar almannatryggingar að efnisbreytingar með frumvarpinu séu engar. SÍ vísa því til umfjöllunar um 9. gr. frumvarps þessa í athugasemdum stofnunarinnar við frumvarp um slysatryggingar almannatrygginga (þskj. 578 – 402. mál).

Virðingarfyllst,

Berglind Ýr Karlsdóttir
deildarstjóri
Tryggingasvið Sjúkratrygginga Íslands